15. gr. 70

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa, afarilla, eða í tölum 6, 5, 4, 3, 2, 1. Tölurnar fyrir neðan 6 má ákveða nákvæmar með brotunum 1/3 og 2/3. Allar hinar sjerstöku tölueinkunnir skal leggja saman og deila með einkunnafjöldanum. Tala sú, er kemur út, reiknuð með tveimur decimölum, sýnir aðaleinkunnina, en aðaleinkunnirnar eru: ágætlega (5,50—6), dável (4,50—5,49), vel (3,50—4,49), laklega (2,50—3,49); nái einhver ekki 2,50 í aðaleinkunn, hefir hann eigi staðizt prófið.

16. gr.

Hverjum þeim námssveini, er staðizt hefir burtfararpróf, skal skólastjóri gefa burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, er hann hefir við prófið, og hinar sjerstöku einkunnir, er hann hefur fengið í hverri námsgrein. Í burtfararskírteininu skal gefinn vitnisburður um iðni og hegðun. Sá námssveinn, er eigi hefir staðizt burtfararpróf, eða eigi gengið undir það, á rjett á að fá vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

17. gr.

Skýrslu um skólahaldið og yfirlit yfir efnahag stofnunarinnar skal birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins.

Reglugjörð skólans 1. sept. 1890 er úr gildi numin.

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri, 28. maí 1899.

Páll Briem. *Ólafur Briem.* *Árni Jónsson.*

B. G. Blöndal. *Stefán Stefánsson.*

Samþykkt 71

um kynbætur hesta í Skagafjarðarsýslu, er sýslunefndin hefir gjört og hjeraðsbúar fallizt á.

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbótum hesta, samkvæmt reglum þeim, sem hér eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver sá maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur til að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu, en hinn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann, er kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga

(Prentað upp).

71 heimting á að fá úr sveitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, svo og fyrir ritföng.

4. gr.

Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eptir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álítur þurfa í hreppnum.

5. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um störf sín. Gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir ástæða til, og sjer um, að skýrslan ásamt athugasemdunum komist á næsta fund sýslunefndarinnar.

6. gr.

Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

a. Að þeir vanalega sjeu ekki getnir af of skyldum foreldrum, t. d. ekki móður og syni eða systkinum, og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.
b. Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helzt í báðar ættir.
c. Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir, ekki hvítir og alls ekki glaseygðir eða af glaseygðu kyni.
d. Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, bogmekktir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, beinhryggjaðir, en stutthryggjaðir, lendbreiðir, vöðvaþykkir, snögghærðir og þjetthærðir, prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og hófarnir svartir eða öskulitaðir, pungsíðir og eistnasíðir.

7. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir graðhesta, og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu graðhestamæður yngri vera en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

8. gr.

Aðalregla sje, að gelt sjeu öll hestfolöld, sem ekki eru fyrirhuguð til kynbóta, en aðrir folar, sem ekki eru folaldsgeltir og ekki ætlaðir til undaneldis, skulu geltir ekki seinna en fyrir einmánaðarlok, er þeir eru á annan vetur, ef það er unnt skapnaðar vegna. Folar þeir, sem ekki verða geltir innan þessa tíma, skulu sýndir kynbótanefndinni, er þá ráði um meðferð þeirra.

9. gr.

Ávalt skulu hestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin, vera

vel haldin, svo þau nái sem mestum þroska, og skal kynbótanefndin sjerstaklega 71
hafa eftirlit með meðferð þeirra. Graðhestana má brúka til undaneldis úr því þeir eru 3 vetra og til þess er þeir eru 5 eða 6 vetra, en hryssur skulu ekki leiddar til fola fyr en þær eru 4 vetra. Yngri hryssur skal, að svo miklu leyti sem unnt er, verja því að þær fyljist, og má kynbótanefndin með samþykki hreppsnefndar leyfa eigendum unghryssna að geyma þær í heimahögum.

10. gr.

Eigendur graðhesta skulu skyldir til, eftir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á ofannefndum aldri, og má ekki gelda þá fyr að vorinu en um miðjan júnímánuð, svo ekki missist góður tími af hryssum. Heimilt er kynbótanefndinni að ákveða eigendum graðhesta hæfilegan toll fyrir brúkun þeirra, og skal hann goldinn fyrir hverja hryssu, er við folanum fær, af eigendum hryssanna.

11. gr.

Hryssur, er fyljazt hafa, skal ekki hafa til erfiðrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrinum. Kynbótahesta má ekki brúka hvorki til reiðar nje áburðar, fyr en þeir eru orðnir 4 vetra, og aldrei nema vægilega, meðan þeir eru notaðir til undaneldis. En að því loknu skulu þeir geltir.

12. gr.

Að fardögum liðnum má reka kynbótafola á afrjett, en þó skal kynbótanefndin gæta þess, að eptir sje heima 1 eða 2 af þeim til miðs júnímánaðar, svo að tamdar hryssur verði leiddar undir þá. Leyfa má nefndin heimageymsluá kynbótafola yfir sumarið, ef eigandi hans eða annar sveitarbúi með leyfi eiganda æskir þess. En ábyrgjast verður eigandi eða geymandi, að folinn gjöri ekki óskunda á hrossum manna utan landamerkja geymanda.

13. gr.

Alt það eftirlit, er hafa þarf á því, að samþykkt þessari sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gjört í lögum 11. desbr. 1891 um kynbætur hesta, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum.

14. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum, alt að 50 kr., og fellur helmingur þeirra til uppljóstursmanns, en hinn helmingurinn í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

15. gr.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Akvörðun um stundarsakir:

Undir eins og samþykkt þessi er komin í gildi, skal sæta hinu fyrsta

71 tækifæri að gelda alla þá graðhesta, á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. septbr. 1899, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norður og Austuramt, Akureyri 5. júní 1899.

Páll Briem.

72

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. janúar til 31. marz 1899.

Tekjur:

1.	Í sjóði 1. janúar 1899		kr.	94919,06
2.	Borgað af lánum:			
	a. Fasteignarveðslán	kr. 29688,19		
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	— 37429,53		
	c. Handveðslán	— 11455.72		
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 1516,70	—	80090,14
3.	Víxlar innleystir		—	87362,30
4.	Ávísanir innleystar		—	6055,15
5.	Vextir ýmiskonar		—	10878,47
6.	Disconto		—	1467,98
7.	Tekjur í reikning Landmandsbankans (fyrir seldar ávísanir o. fl.)		—	40115,13
8.	Innheimt fje fyrir aðra		—	26885,47
9.	Tekjur af fasteignum bankans		—	100,00
10.	Seld verðbrjef fyrir		—	3904,88
11.	Innlög á hlaupareikning		—	99892,07
12.	Sparisjóðsinnlög		—	144993,93
13.	Ýmsar tekjur		—	57,51
			kr.	596722,09

Gjöld:

1.	Lán veitt:			
	a. Fasteignarveðslán	kr. 55855,00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 7365,00		
	c. Handveðslán	— 1500,00		
	d. Accreditivlán	— 804,00	kr.	65524,00
2.	Víxlar keyptir		—	94822,60
3.	Ávísanir keyptar		—	2491,36
4.	Útgjöld fyrir reikning Landmandsbankans í Khöfn		—	63589,23
			Flyt kr.	226427,19